

7. júní 2018

# Samkeppnisréttaráætlun Íslandsbanka

Samkeppnisréttaráætlun Íslandsbanka

Kópavogur, 7. júní 2018

Stjórn Íslandsbanka hf.

Friðrik Sophusson,  
formaður stjórnar

Anna Þórðardóttir

Auður Finnbogadóttir

Árni Stefánsson

Hallgrímur Snorrason

Heiðrún Jónsdóttir

Helga Valfells

## Efnisyfirlit

1	Stefnuyfirlýsing og gildissvið .....	3
2	Markmið og tilgangur samkeppnisréttaráætlunar .....	3
3	Mat á áhættu .....	3
4	Umsjón og framkvæmd samkeppnisréttaráætlunar .....	3
5	Fræðsla .....	4
6	Verklag .....	4
7	Ferli við tilkynningu mögulegra samkeppnislaga brota .....	4
8	Afleiðingar brota gegn samkeppnislögum .....	5
9	Eftirlit og endurskoðun .....	5
10	Gildistaka og birting .....	5

## Yfirlit yfir útgáfu

Útgáfa	Breytingar:	Breytt af:	Dagsetning	Skoðað/samþykkt af:	Dagsetning:
1.0	Fyrsta útgáfa	Dagmar Clausen Þórðardóttir & Hildur Haraldsdóttir	07.06.2018	Stjórn Íslandsbanka	07.06.2018
1.0	Fyrsta útgáfa	Dagmar Clausen Þórðardóttir & Hildur Haraldsdóttir	23.05.2018	Áhættustefnunefnd	28.05.2018

## 1 Stefnuyfirlýsing og gildissvið

Stjórn Íslandsbanka samþykkir eftirfarandi samkeppnisréttaráætlun fyrir bankann og dótturfélög hans.

Það er stefna bankans að ástunda virka samkeppni á þeim mörkuðum sem hann starfar og starfsemin samrýmist þeim skyldum sem leiða af samkeppnislögum á hverjum tíma.

Framkvæmdastjórn Íslandsbanka ber ábyrgð á innleiðingu stefnunnar.

## 2 Markmið og tilgangur samkeppnisréttaráætlunar

Markmið samkeppnisréttaráætlunarinnar er að starfsmenn bankans þekki og fylgi samkeppnislögum og með viðeigandi þekkingu og markvissri fylgni við áætlunina sé komið í veg fyrir hugsanleg samkeppnislagabrot í starfseminni.

Tilgangur áætlunarinnar er að vandað og raunhæft mat á áhættu af samkeppnislagabrotum í starfseminni sé framkvæmt með reglubundnum hætti og að allir starfsmenn bankans séu vel upplýstir um viðkomandi áhættuþætti hvað þeirra starfssvið varðar. Þannig séu starfsmenn í stakk búnir til þess að taka viðeigandi skref til þess að tryggja fylgni við samkeppnisréttaráætlun bankans. Með skipulegri fræðslu öðlist starfsmenn viðeigandi þekkingu um þær reglur sem gilda um samkeppni fyrirtækja á markaði og virðing við reglur samkeppnislaga myndi þannig órjúfanlegan hluta fyrirtækjameningar bankans.

## 3 Mat á áhættu

Framkvæma skal heildstætt mat á því hvar í starfsemi bankans hættu á samkeppnislagabrotum er einna helst fyrir hendi og greint hvar sú áhætta er lítil og mikil. Dæmi um starfssvið þar sem áhættan er mikil er svið þar sem starfsmenn eru í samskiptum við keppinauta en áhættan er til dæmis lág hjá starfsmönnum í bakvinnslu. Við framkvæmd áhættumats skal taka sérstakt tillit til stöðu bankans og keppinauta hans á viðkomandi markaði hverju sinni og mögulegum aðgangshindrunum á viðkomandi mörkuðum.

Gerð og framkvæmd áhættumats er á ábyrgð umsjónaraðila samkeppnisréttaráætlunar. Slíkt áhættumat er lagt til grundvallar við mat Regluvörslu á hlítungaráhættu þar sem samkeppnislög eru ávallt hluti af áhættuflokkum hlítungaráhættu.

Niðurstöður áhættumatsins skulu kynntar framkvæmdastjórn bankans af umsjónaraðila samkeppnisréttaráætlunar. Niðurstöðurnar skulu vera grunnur endurskoðunar á fræðsluþörf og leiðbeiningum til starfsmanna í tengslum við samkeppnismál.

Framangreint mat skal framkvæmt árlega og aðlagð til að endurspeglar breytingar í starfseminni.

## 4 Umsjón og framkvæmd samkeppnisréttaráætlunar

Umsjónaraðili samkeppnisréttaráætlunar hefur umsjón með og ber ábyrgð á framkvæmd samkeppnisréttaráætlunar. Forstöðumaður á sviði stjórnarháttu og innri mála, lögfræðideild, er umsjónaraðili samkeppnisréttaráætlunar eða í umboði hans staðgengill á því sviði. Hlutverk umsjónaraðilans er að vera stjórnendum og starfsmönnum til stuðnings og ráðgjafar varðandi álitæfni sem upp kunna að koma í tengslum við áætlun þessa.

Helstu verkefni umsjónaraðila eru eftirfarandi:

- Fræðsla skv. 5. gr. áætlunar þessarar.
- Samskipti við Samkeppniseftirlitið fyrir hönd bankans og gagnaöflun vegna slíkra samskipta í samstarfi við viðeigandi svið bankans hverju sinni.
- Samskipti við óháða kunnáttumenn sem tilnefndir eru til eftirlits með framfylgni sátta sem bankinn hefur gert við Samkeppniseftirlitið, fyrir hönd bankans.
- Ráðgjöf og leiðbeining til starfsmanna um samkeppnisréttarleg málefni, þ.á m. varðandi uppfyllingu skilyrða sátta sem bankinn hefur gert við Samkeppniseftirlitið, samskipti við keppinauta, yfirtökur og samruna.

- Mat á niðurstöðum áhættumats skv. 3. gr. m.t.t. áherslna í fræðslu um samkeppnismál til starfsmanna í samstarfi við Regluvörslu.
- Sjá til þess að innan bankans séu til staðar uppfærðar upplýsingar um ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins og þær skyldur sem á bankanum hvíla vegna þeirra.
- Gæta að sjónarmiðum er varða samkeppnismál í tengslum við vörustjórnunarferli bankans.
- Upplýsa yfirlögfræðing, framkvæmdastjóra áhættustýringar, regluvörð og bankastjóra þegar í stað ef grunur vaknar um að alvarleg brot á samkeppnislögum hafi átt sér stað í starfseminni.
- Úrvinnsla tilkynninga frá Regluvörslu vegna hlítningaráhættu vegna samkeppnislaga.

Umsjónaraðili samkeppnisréttaráætlunar skal gefa framkvæmdastjórn skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar fyrir lok maí ár hvert.

## 5 Fræðsla

Stjórn bankans leggur áherslu á að allir starfsmenn bankans þekki samkeppnisréttaráætlun bankans og hafi viðeigandi þekkingu á reglum samkeppnislaga og hættu á mögulegum samkeppnislaga brotum í starfseminni. Til að gera starfsmönnum grein fyrir mikilvægi þess að fylgja samkeppnislögum og tryggja fylgni við samkeppnisréttaráætlun bankans skulu stjórnendur og allir starfsmenn fá nauðsynlega fræðslu og þjálfun í reglum samkeppnislaga og hættu á brotum í starfseminni.

Fræðsla samkvæmt áætlun þessari skal fela í sér:

- Almenna fræðslu um reglur samkeppnislaga og samkeppnisréttaráætlun bankans á kynningum fyrir nýja fastráðana starfsmenn.
- Almenna reglubundna fræðslu um reglur samkeppnislaga, samkeppnisréttaráætlun bankans og skyldur og ábyrgð starfsmanna í samkeppnismálum fyrir viðeigandi starfsmenn.
- Sérniðna fræðslu fyrir viðeigandi starfsmenn einstakra sviða bankans um samkeppnismál þar sem lögð er sérstök áhersla á leiðbeiningar til að koma í veg fyrir samkeppnislaga brot í starfseminni.
- Fræðsla fyrir viðeigandi starfsmenn bankans um gildandi sáttir sem bankinn hefur gert við Samkeppniseftirlitið, skv. 17. gr. a samkeppnislaga og þau skilyrði sem bankinn hefur e.a. undirgengist í því skyni.

Umsjónaraðili samkeppnisréttaráætlunar ber ábyrgð á fræðslu skv. þessari samkeppnisréttaráætlun og heldur skrá yfir veitta fræðslu sem viðeigandi starfsmenn staðfesta með undirritun sinni um að þeir hafi setið viðkomandi fræðslu í hvert sinn.

## 6 Verklag

Almennar leiðbeiningar fyrir starfsmenn þar sem kveðið er á um helstu reglur samkeppnislaga sem hafa þýðingu fyrir starfsemi bankans skulu gerðar aðgengilegar fyrir starfsmenn á innraneti bankans. Leiðbeiningarnar skulu m.a. kveða á um gildissvið samkeppnislaga, viðurlög við samkeppnislaga brotum og samskipti við keppinauta.

## 7 Ferli við tilkynningu mögulegra samkeppnislaga brota

Til þess að styðja við fylgni við samkeppnisréttaráætlun þessa er mikilvægt að til staðar sé skilvirkt ferli við tilkynningu á mögulegum samkeppnislaga brotum.

Verði starfsmaður var við háttsemi eða samskipti sem gætu falið í sér brot á samkeppnislögum skal viðkomandi upplýsa um slíkt athæfi án tafar með því að senda inn ábendingu í gegnum rafrænt tilkynningakerfi á innraneti bankans.

Umsjónaraðili samkeppnisréttaráætlunar skal bregðast skjótt við og framkvæma nauðsynlega athugun í tilefni af tilkynningu/ábendingu skv. framangreindu. Umsjónaraðili skal hafa aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum við athugun mögulegs brots. Sé grunur um mögulegt brot að athugun lokinni skal yfirlögfræðingi, framkvæmdarstjóra áhættustýringar, regluverði og bankastjóra gerð grein

fyrir niðurstöðum hennar sem svo meta út frá umfangi og eðli málsins hvort ástæða sé til frekari aðgerða, s.s. aðkomu stjórnar bankans og/eða Samkeppniseftirlitsins.

Sé ábending þess eðlis að minnsti grunur leiki á um að um alvarlegt brot á samkeppnislögum og samkeppnisréttaráætlun sé að ræða þessari skal upplýsa yfirlögfræðing, framkvæmdastjóra áhættustýringar, regluvörð og bankastjóra þegar í stað.

## **8 Afleiðingar brota gegn samkeppnislögum**

Með því að tileinka sér góða viðskiptahætti í samræmi við áætlun þessa og samkeppnisreglur getur bankinn komið í veg fyrir eða takmarkað verulega hættuna á þeim alvarlegu afleiðingum sem brot á samkeppnislögum geta haft í för með sér.

Brot gegn samkeppnislögum sporna gegn heilbrigðri samkeppni og valda neytendum tjóni. Þá geta brot gegn lögunum skaðað orðspor bankans og valdið honum miklu fjárhagstjóni.

Verði starfsmaður uppvís að því að brjóta gegn samkeppnislögum í störfum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi varðar það viðurlögum í starfi, auk þess sem því kann að fylgja ábyrgð samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga.

## **9 Eftirlit og endurskoðun**

Skal samkeppnisréttaráætlun þessi vera endurskoðuð árlega. Upp kunna að koma aðstæður sem valda því að endurskoða þurfi hana að styttri tíma liðnum.

Regluvarsla ber ábyrgð á eftirliti með fylgni við stefnu þessa og skal gera grein fyrir því í skýrslu sinni til stjórnar.

## **10 Gildistaka og birting**

Samkeppnisréttaráætlun þessi skal taka gildi 7. júní 2018 og skal vera birt á heimasíðu bankans [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is)